

Eystrahorn

26. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 12. júlí 2018

www.eystrahorn.is

Stuðningur við Ægi Þór

Undanfarið hafa Hornfirðingar þjappað sér rækilega saman utan um hann Ægi og lagt okkur lið í baráttunni um að geta keypt lyf sem gæti breytt öllu um framtíðarhorfur hans. Eins og sagt var við mig um daginn þá á ég hann ekki ein heldur allt samfélagið á Höfn og það er svo sannarlega satt því allir vilja hjálpa honum eins og þeir geta. Þegar erfðleikar steðja að hjá einhverjum viljum við auðvitað öll láta gott af okkur leiða en þegar maður lendir í þessu sjálfur verður maður bara auðmjúkur og orðlaus. Börnin hér á Höfn hafa aldeilis lagt sitt á vogarskálarnar og það eru ófá skiptin þar sem þau hafa komið heim til okkar að afhenda pening sem þau hafa safnað fyrir Ægi. Sindradagurinn sem haldinn var til styrktar Ægi var ógleymanlegur og einnig nýafstaðin Humarhátíð, þar sem græni liturinn, sem er alþjóðlegi Duchenne liturinn, var áberandi. Allur sá hlýhugur og samkennd sem okkur hefur verið sýnd er ótrúleg og við munum aldrei geta fullþakkað fyrir það allt. Að búa í svona kærleiksríku samfélagi er yndislegt og það gefur okkur styrk og trú að halda baráttunni áfram. Það er svo mikið af



Ægir ásamt liði Sindra á Sindradeginum Mynd: Gunnar Stígur Reynisson



Ægir Þór á Humarhátíð

lítlum fallegum sögum í kringum þetta allt að það er næstum efni í heila bók. Við fjölskyldan erum óendanlega þakklát yfir því hvað Hornfirðingar og aðrir hafa reynst okkur vel. Á Höfn er hjartahlýtt fólk og gott að búa og margt smátt gerir sannarlega eitt stórt.

Fyrir áhugasama þá erum við með fésbókarsíðu sem heitir Stuðningur fyrir Ægi Þór.

Kærleikskveðjur



Fyrir þá sem vilja leggja söfnuninni lið þá er styrktarreikningur Ægis Þórs:

0172-15-380001
kt: 061273-4849

Flóamarkaður á Hafinu

Laugardaginn 28. júlí verður haldinn flóamarkaður á Hafinu að Heppuvegi 5. Markaðurinn er opinn fyrir alla og öllum velkomið að koma og selja út úr skápum og geymslum bæði notað og nýtt. Föt, leikföng, bækur, stytur, gamla bumbubanann og bara hvað sem er. Þetta er samstarfsverkefni Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hafsins og Hirðingjanna, þátttaka er ókeypis og hægt að fá lánað borð á staðnum undir söluborð. Hirðingjarnir ætla líka að vera með opið hjá sér í Óslandinu ásamt því að vera með úrval vel valdra hluta til sölu á Hafinu. Á svæðinu verður kassi merktur Hirðingjunum þar sem hægt er að skilja eftir óselda hluti sem fólk vill ekki taka með sér heim aftur. Dagvist aldraðra verður með hannyrðir til sölu, slysavarnarkonur ætla að mæta með candyflossvélina, Berg-spor verður með sínar vörur á svæðinu og heyrst hefur að Hafid ætli að selja kleinur steiktur á staðnum. Ef vel tekst til ætlum við að gera þetta að föstum viðburði í vetur. Þetta er frábær vettvangur til að sýna sig og sjá aðra og eiga góða stund saman, munum að láta nýju íbúana okkar vita svo allir



geti verið með. Það þarf ekki að panta borð fyrirfram heldur bara mæta á svæðið en fyrir nánari upplýsingar er hægt að hafa samband við Hildi Ýr í síma: 869-0160 eða Evu Birgis í síma: 866-0963. Við minnum alla á að fara í hraðbankann áður en þeir mæta.

Flóamarkaður - Hafid - Heppuvegur 5 - 28/7 frá kl: 12 - 16.

Síðasta blað fyrir sumarfrí kemur út þann 19. júlí
Fyrsta blað eftir frí kemur út þann 16. ágúst



Hafnarkirkja

Sunnudaginn 15. júlí

Fermingarmessa kl. 11:00

Fermd verður: Guðný Olga

Sigurbjörnsdóttir, Sunnubraut 8



Bjarnaneskirkja

Sunnudaginn 15. júlí

Göngumessa í umhverfi

Bjarnanes kl. 14:00

Gengið verður frá Bjarnaneskirkju.

Beðið bæna, farið yfir sögulega þætti og sungnir sálmar.

Kaffisopi eftir gönguna.

Allir hjartanlega velkomnir.

Prestarnir



Andlát

Astkær frændi okkar og vinur,

**Ragnar Sigurðsson, bóndi,
Gamla-Garði, Suðursveit**

lést sunnudaginn 8. júlí á
Hjúkrunarheimilinu Skjólgarði, Höfn í
Hornafirði.

Útför hans verður gerð frá Kálfafellsstaðarkirkju
laugardaginn 14. júlí kl. 14:00

Ættingjar og vinir hins látna

Þeim sem vilja minnst hans er bent á Gjafa- og minningarsjóð
Skjólgarðs.



Andlát

Astkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Hreinn Eiríksson
Víkurbraut 28**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði,
Þriðjudaginn 10. júlí.

Útförin fer fram frá Hafnarkirkju fimmtudaginn 19. júlí kl. 14:00.

Kristín Gísladóttir

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



Þakkir

Þakka allan hlýhug og samúð við andlát og
útför eiginkonu minnar

Marivic Victoria Ramas Paraiso

Björn Jónsson, Hagatúni 20 Höfn



Bifreiðaskoðun á Höfn 16., 17. og 18. júlí.

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 13. júlí.

Næsta skoðun 20., 21. og 22. ágúst.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Okkur á Humarhöfninni vantar þjóna í sal

Kjörið fyrir fólk sem vill vinna í skemmtilegu og
alþjóðlegu umhverfi og æfa tungumálakunnáttu sína
á lifandi tilraunadýrum.

Um er að ræða fullt starf og hlutastörf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eik Aradóttir
netfang: info@humarhofnin.is



www.humarhofnin.is | info@humarhofnin.is | Sími: 478-1200

Starfskraftur óskast!

Ullarvinnslan Kemba auglýsir eftir starfskrafti
í hlutastarf.

Sveigjanlegur vinnutími.

Gott væri ef viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst.

Vinsamlegast hafið sambandi við

Hallgrím Jónsson

Sími 899 9431

Holm2@centrum.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126



Sími 580-4477 • www.valholl.is

Hornaforður - Reykjavík - Snæfellsnes

Snorri Snorrason löggiltur fasteignasali

Sími 478-2000 / 895-2115 • snorri@valholl.is

Snorri Snorrason

lögg. fasteignasali

Sími: 478-2000

GSM: 895-2115

snorri@valholl.is



Verð á skrifstofunni á Höfn
föstudaginn 13 júlí.

Tek að mér að verðmeta fyrir
endurfjármögnun.

Vantar eignir á skrá.

Velkomið að hafa samband
Snorri Snorrason lfs



BJARNAHÖLL 7 HÖFN

Mikið endurnýjuð 140,5 m²
parhúsi á tveimur hæðum
ásamt 27,9 m² bílskilyli.

Endurnýjað eldhús og bað
4 svefnherbergi, ræktauð lóð,
malbikuð bílastæði.



**NÁTTBÓL, 11 smáhýsi
og rekstur á Höfn til sölu**
Húsin eru 15,5 fm að stærð
og leyfi til að byggja 5 hús
til viðbótar.

Frábært tækifæri til að
kaupa ferðaþjónustufyrirtæki
í fullum rekstri.

Umhverfisviðurkenningar 2018

Umhverfisnefnd auglýsir eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar 2018. Umhverfisnefnd auglýsir eftir tilnefningum, einstaklingi (um), félagasamtökum, stofnun, fyrirtæki og lögbýlum til sveita, sem hefur með athöfnum sínum verið til fyrirmyndar og gert umgengni við náttúru og umhverfi að eðlilegum þætti í störfum sínum og rekstri eða hefur á annan hátt lagt mikið af mörkum til verndunar náttúru og umhverfis.

Frestur til að tilnefna er til 21. ágúst, tilnefningum skal skila á skrifstofu Ráðhússins Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði eða á netfangið bryndis@hornafjordur.is

Bryndís Bjarnarson
Upplýsinga- og umhverfisfulltrúi

10 ára afmælistilboð

Kaupauki fylgir hverju sjampó og næringu frá

PROFESSIONAL
SEBASTIAN



JM hárstofa
S:478-1780

100 ml. olía fylgir með sjampó og næringu frá

SPLUXEOIL



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Útboð fráveita og gatnagerð Borgartúni að Hofi

Sveitarfélag Hornafjarðar óskar eftir tilboðum í verkið "Borgartún – Jarðvinna og lagnir – 1. áfangi - 2018". Verkið felst í því að leggja 180 m langan veg og rúmlega 250 m langa götu með gangstétt við og upp að óbyggðu, skipulögðu hverfi sem nefnist Borgartún og er norðan við Hofgarð á Hofi í Örfæm sem er félagsheimili og grunnskóli sveitarinnar.

Að lokum inniheldur verkið að koma fyrir rotþró og síubeði sunnan við væntalegan veg upp að Borgartúni ásamt vatnsveitu-, regnvatns- og skólplögnum frá syðstu þremur lóðum hverfisins og að rotþró.

Helstu magntölur eru:

- Gröftur 550 m skurðir, 4400 m³ vegstæði og 1000 m³ fyrir hreinsimannvirki
- Fylling 2000 m³
- Skólplagnir 450 m
- Neysluvatnslagnir 400 m
- Og fleira.

Tilboðsgjafar skulu vera búnir að skila inn tilboði í afgreiðslu Sveitarfélagsins Hornafjarðar eigi síðar en fimmtudaginn 2. ágúst 2018 kl. 14:00, merkt "Borgartún – Jarðvinna og lagnir – 1. áfangi 2018" er þau verða opnuð samtímis í viðurvist þeirra bjóðenda sem óska eftir að vera viðstaddir.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð eru bindandi í 5 vikur frá opnunardegi.

Nánari upplýsingar veitir:

Björn Imsland, bjorni@hornafjordur.is, sími 470-8000 eða 894-8413



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Viltu vinna með snillingum?

Laus störf í leikskólanum Sjónarhóli

Leikskólinn Sjónarhóll auglýsir eftir leikskólakennurum eða starfsfólki með reynslu af börnum og áhuga á leikskólastarfi. Í starfinu felst að vinna að menntun og uppeldi barna í gegnum leik, samskipti, hreyfingu, tónlist, myndlist, málrækt, útivist o.fl. Leikskólinn er sex deilda á Höfn í Hornafirði og mun opna eftir sumarleyfi í nýju og glæsilegu húsnæði.

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfi til að nota starfsheitið leikskólakennari eða önnur menntun sem nýtist í starfi æskileg
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum með ungum börnum æskileg
- Áhugi á uppeldi og menntun barna og leikskólastarfi
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta

Um er að ræða 100% störf og er vinnutíminn frá

kl. 8:00 til 16:00. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 18 ára og eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um. Ráðið er í störf frá miðjum ágúst eða eftir samkomulagi. Laun eru greidd samkvæmt samningum launanefndar Sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 14. ágúst næstkomandi.

Umsóknir ásamt ferilskrá berist í tölvupósti til Mariönnu Jónsdóttur leikskólastjóra sem einnig veitir frekari upplýsingar. Netfang mariannaj@hornafjordur.is Vefsíða Sjónarhóls er <http://sjonarholl.leikskolinn.is/>

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Láttu sjá þig á pallinum í sumar



Alhliða veitinga- og pizzastaður

Verðum með opið frá kl.16-24 í sumar. Eldhúsið opið til kl.23

Happy hour stemning með bar-matseðli milli kl.16-18

Pizzapantanir í síma 478-2200. Heimsending frá kl.18-21.

ÓSINN
RESTAURANT-PIZZERIA

Hótel Höfn

Víkurbraut 20

780 Höfn í Hornafirði

S: 478 1240

Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?

N1 Höfn leitar að kraftmiklum og þjónustuliprum aðstoðarmanni stöðvarstjóra til starfa. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.

Helstu verkefni

- Almenn afgreiðsla
- Stjórnun starfsmanna á vakt
- Vaktauppgjör
- Pantanir
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

Hæfniskröfur

- Almenn þekking á verslun og þjónustu
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- 25 ára eða eldri

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Áhugasamir sækji um á www.n1.is – merkt Höfn.

Nánari upplýsingar veitir Björn Þórarinn Birgisson, í síma 478 1940 eða bjornb@n1.is

Við hvetjum bæði kyn til að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.

